

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Brynjar Níelsson	Fundur nr. :	1
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	Dagsetning:	2.3.2022
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: 6. apríl	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir eru vistaðar á bridge.is.
2	<u>Stjórn skiptir með sér verkum</u> Samþykkt að GG verði áfram varaforseti, HE gjaldkeri og SPS ritari.
3	<u>Fastanefndir</u> Rætt var um skipan fastanefnda. Ákveða þarf hvort e-r nefndir eru óþarfar eða hvort eigi að sameina vissar nefndir. MI gerir tillögu að fyrirkomulagi nefnda og verður skipan þeirra afgreidd á næsta stjórnarfundu. Þó var ákveðið að mótanefnd muni skipa SPS, Sveinn Rúnar og Guðjón Sigurjónsson. Frímenn verður áfram varamaður í mótanefnd. Einnig var ákveðið að GBH og GK verði hluti af landsliðsnefnd. Velja þarf 1-2 í viðbót í landsliðsnefnd.
4	<u>Þjónustusamningur</u> MI fór yfir stöðu á þjónustusamningum við ríkið. Unnið er að endanlegum samningum.
5	<u>Starfið framundan</u> Rætt var um undanúrslit og úrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni sem eru framundan. Undanúrslitin verða opin öllum eins og fram hefur komið. Ákveðið að hækka þátttökugjöld í 48 þús. kr. per sveit enda hefur gjaldið ekki hækkað lengi en kostnaður aukist. DH lagði áherslu á að hafa fleiri viðburði á landsbyggðinni til að efla bridge utan höfuðborgarinnar. Taldi hún að mikill vilji væri innan sveitarfélagsins Ölfus að koma að Íslandsmóttinu í sveitakeppni og gera það með glæsilegum hætti. Gæti það vakið athygli og verið jákvætt samfélagslega. Jafnvel væri hægt að fá betri umfjöllun frá fjölmiðlum með þessum hætti. Auk þess væri auðveldara að fá sveitarfélagið til þátttöku í kostnaði. MI, DH og BN var falið að athuga nánar með fyrirkomulag.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
6	<p data-bbox="336 264 496 293"><u>Landsliðsmál</u></p> <p data-bbox="336 309 1305 376">GBH og GK eru í mótanefnd og ætla að hittast fljótlega til að fara yfir þjálfaramál, fjármögnun, bakhjarla o.fl. fyrir komandi landsliðsverkefni.</p>
7	<p data-bbox="336 409 464 439"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 454 1321 521">Rætt var um heimasíðuna. DH benti á að mótasíðan mætti vera notendavænni. HE skoðar.</p> <p data-bbox="336 537 1233 566">Ákveðið að halda stjórnarfundum alla jafna fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.</p> <p data-bbox="336 582 1265 611">BN þakkaði fyrir fundinn og lagði áherslu á jákvæðni í allri umræðu um bridge.</p>